



Búsetusvið Akureyrarbæjar
Glerárgötu 26, 600 Akureyri
sími 460-1410

Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu Akureyrarbæjar - 2018

samkvæmt heimild í 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

Notendur greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf, heimsendingu matar, aðstoð við rekstur erinda og akstur. Önnur þjónusta er gjaldfrjáls.

Aðstoð við almenn heimilisstörf og rekstur erinda

Gjald fyrir heimaþjónustu er kr. 1.319 fyrir hvern unninn tíma. Aldrei er þó innheimt fyrir meira en tíu tíma aðstoð við heimilisstörf og/eða erindarekstur mánaðarlega. Þjónusta umfram það er gjaldfrjáls.

Heimsendur matar

Hver skammtur kostar kr. 1.265.

Akstur á vegum heimaþjónustunnar

Notandi greiðir kr. 110 fyrir hvern kílómetra sem starfsmaður ekur með eða fyrir notandann. Gjaldið er í samræmi við ákvarðanir Ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytis og tekur breytingum í samræmi við ákvarðanir nefndarinnar, sjá nánar á vefsíðu ráðuneytisins:

<https://www.fjarmalaraduneyti.is/ferdakostnadur/auglysingar/akstursgjald-rikisstarfsmanna-auglysing-nr-3-2015>

Innheimta

Gíróseðlar fyrir ofangreinda þjónustu eru sendir notendum mánaðarlega, í upphafi næsta mánaðar eftir að þjónustan er innt af hendi.

Niðurfelling gjalds fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf og rekstur erinda

Tekjulágir einstaklingar geta sótt um niðurfellingu á gjaldi fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf og rekstur erinda. Undanþága frá gjaldi gildir hvorki fyrir heimsendingu matar né akstur.

Viðmiðunarfjárhæðir miðast við framfærsluviðmið Tryggingastofnunar. Þeir sem hafa tekjur umfram viðmið greiða þó aldrei hærra upphæð fyrir þjónustu en sem nemur 50% af umframtekjum.

Sótt er um niðurfellingu gjalda á sérstökum eyðublöðum sem m.a. má nálgast á skrifstofu Búsetusviðs Akureyrarbæjar í Glerárgötu 26, s. 460-1410, í þjónustuanddyri bæjarins í Geislagötu 9, s. 460-1000 og á vefsíðu bæjarins: www.akureyri.is. Árlega er kallað eftir endurnýjun umsókna um niðurfellingu gjalds og tekjuupplýsingum. Niðurfelling gjalds tekur gildi 1. dag þess mánaðar sem umsókn og tekjuupplýsingum er skilað.

Málskot

Heimilt er að skjóta ákvörðun um synjun á niðurfellingu gjalds fyrir heimaþjónustu til velferðarráðs Akureyrarbæjar. Skal það gert skriflega og innan fjögurra vikna frá því notanda var tilkynnt um ákvörðunina.

Niðurstöðu velferðarráðs má skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert skriflega og innan þriggja mánaða frá því notanda var kunnugt um ákvörðun ráðsins.

<https://www.velferdarraduneyti.is/kaerunefndir/felagsthjonusta/>